

Atvinnuvega – og nýsköpunarráðuneytið
B.t. Ólafs Friðrikssonar skrifstofustjóra
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 31. marz 2015

Efni: Endurgreiðsla oftekinna ólögmætra gjalda – ítrekun

Félag atvinnurekenda vísar til fyrra bréfs síns til ráðuneytisins, dags. 23. marz síðastliðinn. Þar var gerð sú krafa að ráðuneytið endurgreiði ólögmætt útbodsgjald af tollkvóta fyrir búvörur. Héraðsdómur Reykjavíkur hefur í þremur dómum komið að þeirri niðurstöðu að útbodsgjaldið sé ólögmæt skattlagning, sem brýtur í bága við stjórnarskrá Íslands.

Ráðuneytið hefur í engu brugðizt við kröfu FA eða einstakra innflutningsfyrirtækja um endurgreiðslu hins ólögmæta gjalds. Fyrir liggur að hér er um mikla hagsmuni neytenda að tefla. Í fréttum Stöðvar 2 síðastliðið sunnudagskvöld kom til dæmis fram að Hagar eiga í fyrirframgreiddum en ónýttum innflutningsheimildum um 100 milljónir króna, sem fyrirtækið gæti skilað til neytenda yrði útbodsgjaldið endurgreitt.

Alls er um hundraða milljóna króna hagsmuni að ræða fyrir íslensk heimili. Eins og fram kom í fyrra bréfi FA munu allar tafir á endurgreiðslu óhjákvæmilega valda neytendum frekara fjárhagslegu tjóni. Það væri ekki úr vegi að ráðuneytið skýrði að minnsta kosti fyrir neytendum hvort og þá hvers vegna það hyggist af eindregnum ásetningi stuðla að slíku tjóni með því að aðhafast ekkert í málinu.

Félag atvinnurekenda ítrekar þá afstöðu að ráðuneytinu beri að endurgreiða innflutningsfyrirtækjum öll þau útbodsgjöld sem þau hafa greitt fyrir ónýttar innflutningsheimildir. Jafnframt er ítrekuð sú krafa að þessi endurgreiðsla fari tafarlaust fram til að lágmarka tjón neytenda.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen,
frankvæmdastjóri Félags atvinnurekenda